



Trúarbrögðin
okkar

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.

Skóli		Bók nr.		
		Tekin í notkun		
Nemandi/bekkur	Útlán: (dags.)	Ástand	Skil: (dags.)	Ástand

- Nafn nemanda skal greinilega skrifað í líurnar hér að ofan.
- Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

Trúarbrögðin
okkar

Hrund Hlöðversdóttir

Trúarbrögðin okkar



MENNTAMÁLASTOFNUN

Trúarbrögðin okkar

ISBN 978-9979-0-2500-9

© 2008 Hrund Hlöðversdóttir

© 2008 Teikningar: Íris Auður Jónsdóttir

Ritstjóri: Ingólfur Steinsson

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2008

önnur prentun 2010

þriðja prentun 2019

Menntamálastofnun


Kópavogi

Umbrot: Kasada ehf.

Prentun: Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Efnisyfirlit

Verkefnið	7
Í heimakróki	8
Hvað er trú?	9
Hvað eru trúarbrögð?	9
Hvernig tengjast matur og föt trúarbrögðum?	10
Af hverju eru ekki sömu hátíðir hjá öllum?	10
Hvað eru tákn?	11
Gestir dagsins	11
Sigurður Tan	12
Adya	16
Sara Sól	23
Ómar	27
Ísak	32
Hátíð barnanna	37
Helgirit	38
Samfélag	40
Föt	41
Matur	42
Tákn.	42
Trú og von.	43
Ein stór fjölskylda	44
Heimskort	45
Heimildir	46



Verkefnið

Skólabjallan hringir. Það er mánudagur og börnin hlakka til að fara í skólann. Í dag eiga þau að flytja verkefnið sitt. Síðustu vikur hafa þau verið dugleg að vinna og æfa sig fyrir stóra daginn.

Siggi flýtir sér inn í kennslustofuna um leið og kennarinn opnar. Hann hengir töskuna sína á krókinn á borðinu. Siggi er með hnút í maganum. Hann kvíðir því að standa upp og kynna verkefnið sitt. Ómar vinur hans reyndi að hughreysta hann á leiðinni í skólann. Ómari finnst ekkert mál að standa fyrir framan alla en Sigga þykir það erfitt. Ómar situr við hliðina á Sigga. Við sama borð situr Ísak. Hann virðist alveg rólegur þó að stóri dagurinn sé í dag. Stelpurnar Adda og Sara Sól sitja á næsta borði. Þær voru samferða Ómari og Sigga í skólann. Þær hlökkuðu mikið til dagsins og höfðu notað helgina til að æfa sig.





Í heimakróki

Margrét kennari bendir nemendum sínum að koma í heimakrók. Fyrsta kennslustund byrjar yfirleitt á því að börnin setjast í hring og kennarinn ræðir við þau um viðfangsefni dagsins.

– Hvernig leggst dagurinn í ykkur? spyr Margrét.

Flest börnin segja vel, sum þegja eða tuldra ofan í bringuna.

– Ég veit að sumum finnst erfitt að standa fyrir framan marga og tala en það er eitt af því sem við þurfum að æfa okkur í, segir Margrét. Nú eruð þið búin að undirbúa ykkur svo vel. Ég veit að þið gerið ykkar besta.


Foreldrar ykkar og gestir úr skólanum koma hingað eftir smástund. Við skulum nota tímann til að rifja upp það sem við höfum verið að gera í trúarbragðafræði síðustu vikur. Byrjum á því að lesa yfir spurningarnar okkar og svörin sem við komum okkur saman um.

Hvað er trú?

Að trúa einhverju er að treysta á að það sé satt þó að maður hafi kannski ekki sönnun fyrir því. Trú er nefnilega það sem þú treystir á. Milljarðar manna um allan heim trúa á einn guð eða marga guði. Í trúnni felst eitthvað sem er óskiljanlegt og stærra en allt annað.

Hvað eru trúarbrögð?

Margar tegundir trúarbragða eru til í heiminum og ekki trúa allir því sama. Mörg trúarbrögð felast í trú á einn guð. Fólk fer með bænir og reynir að læra sem mest um trúna sína. Í sumum trúarbrögðum er ekki trúað á einn



heldur marga guði. Margir hafa þá trú að fólk eigi að lifa lífi sínu þannig að virða menn, dýr og umhverfi sitt. Sumt fólk hefur engin trúarbrögð og trúir ekki á neinn guð eða guði.

Hvernig tengjast matur og föt trúarbrögðum?

Matarvenjur og það hvernig fólk klæðir sig getur tengst trúarbrögðum. Í sumum trúarbrögðum borðar fólk ekki ákveðinn mat, t.d. svínakjöt. Sumir klæða sig á sérstakan hátt eða setja á sig hatta eða húfur áður en þeir fara með bænir eða ganga inn í bænahúsin sín.



Af hverju eru ekki sömu hátíðir hjá öllum?

Hátíðir tengjast trúarbrögðum líkt og siðir og venjur. Á hátíðum minnst fólk ákveðinna atburða sem tengjast sögu trúarinnar. Stundum eru atburðirnir gleðilegir en stundum eru þeir sorglegir. Hátíðirnar eru ekki þær sömu hjá öllum af því að sagan um trúna er ekki sú sama í öllum trúarbrögðum.



Hvað eru tákn?

Í öllum trúarbrögðum eru notuð tákn. Það eru litlar myndir eða stafir eða orð sem koma í staðinn fyrir langan texta. Táknin eru notuð til að minna fólk á trúna.

Gestir dagsins

Þegar búið var að fara yfir þessar spurningar og vangaveltur var kominn tími til að taka á móti gestum dagsins. Foreldrar og starfsfólk skólans kom inn í kennslustofuna og fékk sér sæti. Verkefni barnanna síðustu vikunnar fólust í því að skrifa frásögn um sig sjálf með hjálp foreldra sinna og kennarans. Í frásögninni áttu þau að segja frá áhugamálum sínum, trúarbrögðum fjölskyldunnar, siðum og venjum. Í lokin áttu allir að lýsa uppáhalds hátíðinni sinni.

Margrét bauð gestina velkomna og kynnti verkefnið. Siggi var sá fyrsti sem stóð upp til að flytja verkefnið sitt.





Sigurður Tan

– Komið þið sæl.

Ég heiti Sigurður Tan en er alltaf kallaður Siggi.


– Mamma mín fæddist á Tælandi sem er langt í burtu í annarri heimsálfu. Pabbi minn flutti til Tælands og vann þar í nokkur ár.

Mamma og pabbi kynntust þar og fluttu til Íslands áður en ég fæddist.

– Mér finnst mest gaman að horfa á skemmtilegar myndir í sjónvarpinu og lesa bækur. Ég hef líka gaman af fróðlegum sjónvarpsþáttum um dýr eða fólk í öðrum löndum.

– Ég hef þrisvar sinnum farið til Tælands og hitt ættingja mína þar.

Mamma og pabbi eru líka dugleg að segja mér frá landinu og fólkinu sem á heima þar.



– Við erum búddistar í minni fjölskyldu. Við trúum ekki á neina guði en förum eftir reglum Búdda og því sem hann sagði. Búdda var prins á Indlandi sem átti að verða konungur eftir föður sinn. En þegar hann áttaði sig á að það væri til eitthvað vont í heiminum vildi hann ekki verða konungur. Hann hugsaði um allt það vonda og vildi finna leið fyrir fólk til að fá frið í sálina. Hann setti reglur til að lifa eftir.



– Búddistar eiga að vera góðir við alla, menn, dýr og náttúruna. Ég á nokkur gæludýr sem ég annast alveg sjálfur. Ég á hamsturinn Snúlla, páfagaukinn Stúf og köttinn Dimmu. Ég þarf að passa að gefa þeim að borða, hreinsa búrin og hleypa kisunni út og inn.



– Heima höfum við altari inni í stofu. Á því eru nokkrar styttur af Búdda, reykelsi og myndir frá Tælandi. Við förum með bænir og hugleiðum hvernig við getum orðið betri manneskjur.



– Á Íslandi hittast búddistar oft og eiga samverustundir. Stundum koma munkar til Íslands. Búddamunkar eru í appelsínugulum kuflum. Þeir færa okkur blessun. Munkarnir mega ekki eiga neitt, búddistar gefa þeim að borða og færa þeim gjafir. Í staðinn blessa munkarnir okkur og heimilin okkar.

– Í Tælandi eru til mörg búddahof og búddaklaustur. Þegar strákar og stelpur hafa náð vissum aldri geta þau dvalist í klaustrinu í marga daga. Þá læra þau um Búdda og allt sem hann sagði og gerði.



– Margir hátíðisdagar tengjast búddatrú. Uppáhalds-
hátíðin mín er búddadagur en hún er haldin í lok maí.
Þá minnumst við fæðingar og dánardags Búdda. Þann
dag hittast búddistar við lítið hof. Við göngum þrjá hringi
í kringum hofið með blóm. Síðan borðum við góðan mat
og höldum daginn hátíðlegan. Við hengjum peninga
á lítið tré sem við komum fyrir í samkomusalnum.
Peningarnir fara í safnaðarstarfið og til munkanna.



Adya

– Komið þið sæl.

Ég heiti Adda eða Adya eins og það er skrifað á indversku.

– Pabbi minn er frá Indlandi en mamma er íslensk.

– Áhugamálin mín eru að lesa bækur, dansa og syngja. Pabbi kann marga indverska dansa og hefur kennt mér nokkra. Við dönsum stundum saman við indverska tónlist.



– Við í fjölskyldunni minni erum hindúar. Á Indlandi og í löndunum þar í kring eru mjög margir hindúatrúar. Einnig eru hindúar búsettir um allan heim. Við trúum á marga guði en þeir eru allir hluti af einum alheimsguði.

– Mér finnst gaman þegar pabbi segir mér sögur af guðunum. Heima eigum við lítið altari með myndum og stytum. Við kveikjum á sérstökum olíulampa sem er kallaður diya og setjum blóm og ávexti á altarið. Stundum förum við með bænir við altarið en það er líka hægt að biðja hvar sem er.



– Á Indlandi eru lítil bænahús eða musteri sem hægt er að fara inn í til að færa guðunum gjafir og biðja. Ég hef farið með pabba og mömmu inn í musteri á Indlandi. Þá förum við úr skónum og þvöum okkur áður en við göngum inn og á leiðinni upp að altarinu hringjum við bjöllu. Presturinn í musterinu tekur við gjöfunum sem oftast eru ávextir eða blóm. Hann blessar gjafirnar og lætur okkur síðan fá þær aftur. Við það hljótum við blessun.




– Á Indlandi fórum við að stórri á sem heitir Ganges. Hún er mjög heilög. Við fórum ofan í ána og tókum með okkur vatn úr henni í lítilli flösku. Flaskan stendur á altarinu okkar inni í stofu.



– Hluti af því að vera hindúi er að vera góður við öll dýr. Margir hindúar borða ekki kjöt og alls ekki kjöt af kúm því þær eru heilagar á Indlandi. Þær mega vera þar sem þeim sýnist og stundum eru kýr úti á götu.

– Pabbi minn og mamma giftu sig á Indlandi áður en ég fæddist. Þau hafa sýnt mér myndir frá brúðkaupinu. Mamma var í mjög fallegum og skrautlegum kjól sem kallast sarí. Hann var rauður og gulllitaður með fallegu munstri og kögri. Hún var líka með skartgripum úr gulli. Pabbi var með vefjarhött á höfðinu. Það er hattur sem er búinn til með því að vefja upp löngum klút.



– Mamma og pabbi fengu blómsveiga um hálsinn í brúðkaupinu sínu. Presturinn batt hvítan þráð á milli þeirra sem þýðir að þau eru gift. Síðan gengu þau í sjö hringi í kringum heilagan eld.



– Þegar ég var tólf daga gömul hvíslaði pabbi nafninu mínu að mér. Það er einn af siðunum í trúarbrögðum okkar. Það er einnig siður að mála rauðan blett á ennið þegar við klæðum okkur í spariföt. Bletturinn á að hjálpa okkur að einbeita okkur að því að vera góð og hjálpsöm.



– Orðið ám er helsta tákn trúarinnar. Það táknar hljóð guðs og er tákn fyrir allt það sem var, er núna og verður. Það er mjög heilagt í augum hindúa. Allar bænir hefjast og enda á þessu orði og einnig sálmarnir sem sungnir eru í musterinu. Allt er ám.

– Við höldum margar skemmtilegar hátíðir. Uppáhalds hátíðin mín er ljósahátíðin eða dívali. Hún er haldin í október eða nóvember og stendur í fimm daga. Þá kveikjum við á mörgum kertum bæði inni í húsinu okkar og úti. Við mamma teiknum fallegar myndir með krít fyrir utan húsið áður en hátíðin hefst. Við teiknum þær í munstur sem kallað er rangoli. Myndirnar bjóða gesti velkomna og einnig gyðjuna Lakshmi sem er happagyðja fyrir næsta ár.



– Á ljósahátíðinni hittum við vini og ættingja, gefum hvert öðru gjafir, borðum góðan mat og mikið af sætindum. Við sendum einnig kort til ættingja og vina sem við getum ekki heimsótt. Mörg kort fara til Indlands því þar eiga afi minn og amma heima og margir ættingjar mínir.



– Önnur skemmtileg hátíð er haldin á vorin og heitir holi. Þá fögnum við nýju ári. Holi er stytting á nafninu Holika sem var norn. Hátíðin byrjar á því að kveikt er bál og brúðu sem líkist norn kastað á eldinn. Daginn eftir fara allir hindúar í gömul fót sem mega skemmast. Þá megum við nefnilega kasta lituðu dufti hvert á annað. Eftir daginn eru allir útataðir í lit og fötin verða stundum ónýt.



Sara Sól

– Komið þið sæl. Ég heiti Sara Sól.

Mér finnst gaman að leika mér við vini mína. Ég safna frímerkjum og servíettum. Ég á tvær bækur með frímerkjum og fullan kassa af servíettum. Stundum skipti ég við vini mína ef ég á auka frímerki eða servíettu.

– Ég á eina eldri systur og lítinn bróður.

Fjölskyldan mín er kristinnar trúar.

Við trúum á Guð og Heilagan anda.

– Sunnudagur er helgidagur kristinna manna.

Á sunnudögum hringja kirkjuklukkurnar til að kalla á fólk í messu. Við förum oft á sunnudögum í messu og þá tek ég þátt í barnastarfinu.

Það er mjög skemmtilegt. Við syngjum falleg lög og förum í leiki.

– Við lærum líka um Biblíuna í kirkjunni. Biblían er bók sem geymir margar sögur um Guð og Jesú. Í Biblíunni eru líka reglur sem allir kristnir menn eiga að fara eftir. Þar stendur að þú eigir að koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.





– Í kirkjunni minni eru fallegar myndir og stytur. Myndirnar eru af Jesú Kristi og Maríu móður hans. Stórt borð er í kirkjunni sem heitir altari. Á altarinu standa kertastjakar, blóm, Biblía og stór kross. Prestur stýrir messunni en þá eru sungnir sálmar. Presturinn les líka úr Biblíunni og talar við fólkið um ýmislegt sem tengist lífinu. Í kirkjunni er farið með bænir. Ég bið líka bænirnar mínar á kvöldin áður en ég fer að sofa.

– Kross er tákn fyrir kristna trú. Ég á kross í festi sem ég hef oft um hálsinn. Það eru líka til mörg önnur tákn í kristinni trú. Fiskur er eitt táknið, einnig dúfa og mörg fleiri.



– Þegar ég var lítil var ég skírð í kirkjunni. Þá blessaði presturinn mig og gerði krossmark á enni mitt og brjóst. Þegar barn er skírt lofa foreldrarnir að kenna því um kristna trú og Guð verndar barnið á sérstakan hátt. Á fjórtánda ári staðfestir barnið síðan trú sína í sérstakri athöfn sem kölluð er ferming.

– Á síðasta ári var stóra systir mín fermd. Hún fékk ný föt og skó. Hárið hennar var greitt fallega og blóm sett í það. Hún fékk gjafir frá ættingjum og fór í myndatöku til að eiga myndir til minningar um þessa athöfn. Það var líka haldin veisla þar sem ættingjar og vinir komu saman.

– Það eru nokkrar hátíðir á árinu sem tengjast trúnni. Mér finnst jólin vera skemmtilegasta hátíðin. Við höldum jól til að minnast þess þegar Jesús fæddist í Betlehem. Þá skreytum við húsið okkar með jólaskrauti og böfum fullt af góðum smákökum. Við gefum hvert öðru jólagjafir og sendum jólakort. Ég reyni alltaf að gefa eitthvað sem ég hef búið til sjálf. Í fyrra gaf ég mömmu dúk sem ég saumaði í skólanum og pabbi fékk box til að geyma penna í.



– Páskarnir eru líka skemmtileg hátíð. Páskana höldum við til að minnast upprisu Jesú.

Við vöknum snemma á páskadagsmorgun til að leita að páskaeggjunum okkar. Mamma og pabbi fela allar páskaegginn. Síðan förum við í messu snemma um morguninn. Eftir messuna komum við heim og borðum saman hádegisverð af hlaðborði. Þá koma oft gestir í heimsókn og borða með okkur.





Ómar


– Komið þið sæl. Ég heiti Ómar.
Ég hef gaman af því að spila fótbolta.
Mér finnst líka gaman að hlusta á tónlist
og sérstaklega ef ég get stillt hana mjög hátt.
Seinna langar mig til að verða trommuleikari
í hljómsveit sem ferðast um allan heiminn.

– Foreldrar mínir fluttu frá Marokkó
áður en ég fæddist. Ég á tvö systkini sem
eru yngri en ég. Við erum múslimar en það
þýðir að við tilheyrum trú sem nefnist islam.
Við trúum á Guð en á arabísku nefnist hann
Allah. Við trúum því að Guð hafi sent okkur
spámenn til að segja okkur frá lögmáli Guðs.
Mikilvægasti spámaðurinn hét Múhameð.



– Kóraninn er helga bókin okkar. Þar stendur allt um Guð. Það var engill sem kom til jarðarinnar og sagði Múhameð spámanni hvað ætti að standa í Kóraninum.



Þegar við lesum úr Kóraninum setjum við sérstakt statíf undir bókina sem hún getur legið á. Þá er þægilegt að fletta henni. Heima förum við alltaf gætilega með Kóraninn okkar. Við geymum bókina á sérstökum stað í stofunni.



– Múslimar fara í moskur til að biðjast fyrir og taka þátt í athöfnum sem tengjast trúnni. Á Íslandi er ekki nein moska en við förum í sérstakan sal í staðinn. Í moskum eru ekki stólar eða bekkir. Í staðinn eru mjúk teppi á gólfunum. Veggirnir eru skreyttir með orðum og setningum úr Kóraninum. Það er skrifað á arabísku með skrautlegum og fallegum stöfum.





– Við biðjum bænirnar okkar fimm sinnum á dag,
í moskum, heima og þar sem við erum stödd.
Þegar við biðjum krjúpum við á sérstakri bænamottu.
Motturnar eru í mörgum litum með fallegu munstri.
Ég á bænamottu heima sem amma mín í Marokkó
gaf mér. Áður en við stígum á bænamottu förum við
alltaf úr skónum og áður en við förum inn í mosku
þvolum við hendur, fætur og andlit.



– Frá turni moskunnar berst sérstakur söngur sem
notaður er til að kalla fólk til bæna. Í okkar trú má ekki
mála eða teikna myndir af spámanninum eða Guði.
Í staðinn notum við orð og setningar úr Kóraninum til
að skreyta með.

– Þegar við biðjum hyljum við höfuð okkar. Það er til þess að votta Guði virðingu. Karlmenn og strákar hafa sérstaka húfu á höfðinu en konurnar og stelpurnar sveipa slæðu um höfuðið. Í sumum löndum þar sem múslimar búa eru konurnar og stelpurnar alltaf með slæðu úti á götum og stundum með blæju fyrir andlitinu. Það eru siðir og venjur sem hafa þróast á löngum tíma.



– Í Kóraninum eru nokkrar reglur eða stoðir eins og við köllum þær. Þar stendur til dæmis að við eigum ekki borða svínakjöt og að við eigum að hjálpa fátækum og þeim sem eru veikir og gamlir. Við gerum það með því að safna peningum fyrir sjúkrahús og elliheimili eða gefum peninga til hjálparstofnana. Einnig reynum við að heimsækja alla þá sem gætu verið einmana eða þurft hjálp við eitthvað.



– Föstudagur er hvíldardagur múslima. Hann er hátíðlegasti dagur vikunnar hjá okkur. Þá borðum við góðan mat og eigum notalega fjölskyldustund saman.



– Einu sinni á ári fasta múslimar í einn mánuð. Föstumánuðurinn kallast ramadan. Að fasta þýðir að borða ekki frá því um morguninn og fram á kvöld. Börn fasta ekki og ekki þeir sem eru orðnir gamlir. Ég er ekki byrjaður að taka þátt í föstunni en fæ að vera með eftir nokkur ár. Með föstunni finnum við hvernig er að vera svangur og eiga engan mat. Þá verðum við duglegri við að hjálpa öðrum. Í lok föstunnar er haldin hátíð. Föstuendahátíðin er uppáhalds hátíðin mín á árinu. Þá fæ ég ný föt, við borðum góðan mat og sendum kort til vina okkar og fjölskyldu. Við gefum líka hvert öðru gjafir og sætindi.





Ísak


– Komið þið sæl. Ég heiti Ísak. Ég á tvo bræður og eina systur. Skemmtilegast af öllu finnst mér að vera í tölvuleikjum. Ég á mjög marga góða tölvuleiki en suma finn ég líka á netinu.

Ég æfi sund tvisvar í viku og það finnst mér skemmtilegt.

– Við erum gyðingar í fjölskyldunni minni en það eru trúarbrögð sem eiga margt sameiginlegt með kristinni trú. Trúarbók okkar kallast Tóra en það er sama bók og fyrri hluti Biblíunnar, Gamla testamentið. Ættfaðir gyðinga var Abraham og um hann er hægt að lesa í Mósebókunum.



– Bænahús gyðinga kallast sýnagóga en það þýðir samkomuhús. Inni í sýnagógum er stór skápur sem við köllum örk. Þar er geymd mjög sérstök bók sem er eins og tvö kefli með langri blaðsíðu á milli. Blaðsíðan er vafin upp á annað keflið og þegar textinn er lesinn þá vefst blaðið smátt og smátt yfir á hitt keflið. Á þessa löngu blaðsíðu er prentaður textinn úr Tóra. Þegar gyðingar safnast saman í bænahúsinu er lesið um ættfeðurna Abraham, Móse og Jósúa. Sá sem les úr helgibókinni og sér um bænastundirnar er kallaður rabbíni en það þýðir „meistari minn“.




– Þegar gyðingar fara í sýnagógur eða biðja bænirnar sínar setja karlmennirnir á sig sérstaka húfu sem kallast kippah. Húfan er lítil kollhúfa sem liggur ofan á höfðinu. Margir setja einnig á sig bænasjal. Helstu trúartákn gyðinga eru stjarna sem kölluð er Davíðsstjarnan og sjö arma kertastjaki.





– Ég ætla að kenna ykkur að heilsa eins og gyðingar heilsast. Þeir segja ekki hæ eða sæl eða halló eins og við gerum heldur shalom. Það þýðir friður sé með yður.

– Á föstudagskvöldum borðar fjölskyldan alltaf saman kvöldmatinn. Þá er hvíldardagurinn eða sabbat að hefjast. Hann nær frá föstudagskvöldi til laugardagskvölds. Þá borðum við hátíðarmat. Mamma mín kveikir á tveimur kertum við kvöldverðarborðið og fer með bæn.



– Við borðum ekki allan mat. Gyðingar borða ekki svínakjöt og það er ekki sama hverju við blöndum saman. Til dæmis borðum við ekki samtímis neitt sem búið er til úr mjólk og kjöti. Þetta eru siðir og venjur sem tengjast trúnni og allir gyðingar venjast.

– Á útidyrhurðinni heima hjá mér hangir lítið skríni. Inni í því er bæn sem er mikilvæg í okkar trú. Þegar ég kem heim til mín kem ég alltaf við litla skrínið til að muna eftir bæninni. Svona lítil bænaskrín hanga við allar dyr hjá þeim sem eru gyðingar.



– Við höldum margar hátíðir sem tengjast trúnni. Uppáhalds hátíðin mín er ljósahátíðin eða hanukka eins og hún heitir á hebresku. Ljósahátíðin er haldin í nóvember eða desember og stendur í átta daga. Á hverjum degi kveikjum við á nýju kerti í ljósastiku sem er með átta kertum. Við krakkarnir fáum gjafir frá mömmu og pabba og við spilum saman teningaspil sem er mjög skemmtilegt.



– Þúrim hátíðin er líka skemmtileg. Hún er svolítið lík öskudeginum á Íslandi. Allir mæta í búningum í sýnagóguna og fá sælgæti.

Þáskarnir eru líka haldnir hátíðlegir. Þá rifjum við upp söguna um gyðinga sem voru þrælar í Egyptalandi í gamla daga og flúðu yfir hafið og urðu frjálsir. Þegar við höldum þáskahátíð borðum við mjög sérstakan mat.

– Allur maturinn minnir okkur á einhvern hátt á þáskasöguna. Um þáskana borðum við ekki venjulegt brauð heldur brauð sem inniheldur ekki ger. Það minnir okkur á að þegar þrælarnir flúðu gátu þeir ekki beðið eftir að brauðið lyfti sér heldur þurftu að flýta sér að baka það.

Hátíð barnanna

Þegar öll börnin höfðu lokið við að flytja verkefni sín var klappað ákaft. Þau höfðu staðið sig vel og flutt skemmtileg og áhugaverð verkefni. Börnin höfðu ákveðið að enda skóladaginn á lítilli hátíð. Það var þeirra eigin hátíð.




Þau höfðu komið með mat að heiman sem þeim fannst góður og tengdist á einhvern hátt trúarbrögðum þeirra. Matinn settu þau á hlaðborð og buðu gestum sínum að bragða á. Dúkurinn á borðinu var skreyttur táknum úr mismunandi trúarbrögðum. Á hátíðinni voru allir eins og í stórri og góðri fjölskyldu og allir voru vinir.

Í þeim fimm trúarbrögðum sem börnin sögðu frá eru margir þættir mjög líkir þó að margt sé líka ólíkt. Börnin höfðu borið saman þessi trúarbrögð með Margrétu kennara og sett vangaveltur sínar á veggspjöld.




Helgirit

Áður en farið var að skrifa niður texta lagði fólk á minnið. Það mundi sálma, helgiorð og ýmsa speki. Flest trúarbrögð hafa bók eða bækur með sögum sem tengjast trúnni og texta sem hjálpar fólki að hegða sér rétt í lífinu.



Búddasiður

Helgiritum um búddasið var safnað saman í gamla daga og skipt niður í þrjár körfur. Ritin eru enn kölluð körfurnar þrjár eða Tipitaka: Karfa agans, karfa fyrirlestranna og karfa lífsspekinnar.



Kristin trú

Biblían er helgirit kristinna manna. Hún skiptist í Gamla og Nýja testamenti. Í Gamla testamentinu er að finna sögur og frásagnir sem voru til áður en Jesús Kristur fæddist. Nýja testamentið inniheldur frásagnir af Jesú.

Islam

Kóraninn er helgirit múslima. Bókin er skrifuð eftir að engill vitjaði spámannsins Múhameðs og sagði honum hvað ætti að standa í henni. Nokkrar sögur og frásagnir í Kóraninum eru þær sömu og í Biblíunni, t.d. sagan af Nóaflóðinu.



Gyðingdómur

Helgirit gyðinga er það sama og Gamla testamenti Biblíunnar. Gyðingar skipta bókinni í þrjá meginhluta. Tóra er heiti yfir fyrsta hluta helgiritsins.



Hindúatrú

Helgirit hindúa eru mjög mörg. Elstu ritin heita Vedabækurnar. Bókin Bhagavad Gíta eða Söngur Drottins er oft sögð vera eins og Biblía hindúa. Þar er meðal annars fjallað um tilgang lífsins.




Samfélag


Fólk sem er sömu trúar hittist til að iðka sína trú. Trúarbrögðin tengja fólk í samfélög. Öll þessi trúarbrögð eiga það sameiginlegt að fólk fer í ákveðin hús til að iðka trú sína. Stundum safnast fólk saman í ákveðnum athöfnum en stundum í einrúmi í bænahúsum.




Kristnir menn fara í kirkju.



Múslimar fara í mosku.



Gyðingar fara í sýnagógu.



Búddistar fara í hof og musteri.



Hindúar fara í hof og musteri.

Föt

Sérstök föt tengjast flestum trúarbrögðum.



Gyðingur setur upp sérstaka húfu og stundum bænasjal þegar hann fer í sýnagógu.



Kristinn prestur fer í hempu þegar hann þjónar í kirkjunni. Við skírn er barn klætt í hvít föt.



Múslimi setur upp sérstaka húfu og múslimakona hylur hár sitt með slæðu þegar þau fara inn í mosku.




Búddamunkar eru í appelsínugulum kuflum.



Hindúakona í hátíðarbúningnum Sarí.

Matur

Matarvenjur tengjast gjarnan trúarbrögðum. Hindúar borða oft aðeins jurta- og grænmetisfæði vegna virðingar fyrir dýrum. Gyðingar og múslimar borða ekki svínakjöt. Margar hefðir og venjur tengjast mat á hátíðum. Sumir borða alltaf sama mat á jólum og páskum. Þegar matarvenjur tengjast trúarbrögðum ber okkur að virða það.



Tákn

Í öllum trúarbrögðum eru notuð tákn. Þau koma í staðinn fyrir langan texta eða myndir og eru notuð til að minna fólk á trúna.

Helsta tákn í islam er tungl og stjarna. Það tengist dagatali múslima sem fer eftir gangi tunglsins en ekki sólarinnar eins og t.d. hjá kristnum.

Í kristinni trú er krossinn þekktasta táknið. Krossinn er táknið fyrir Jesú Krist og hvernig hann sigraði dauðann.

Þekktasta táknið hindúatrúar er ám. Allar bænir byrja og enda á þessu orði.

Helsta táknið gyðinga er Davíðsstjarnan.

Mynd af hjóli með átta pílárum minnir búddista á þær átta reglur sem Búdda kenndi að menn ættu að lifa eftir.



Trú og von


Hægt er að svara mörgum spurningum um lífið og tilveruna. En samt er margt í lífinu sem er okkur ráðgáta. Af hverju er illska til og af hverju gerist svo margt ljótt og sorglegt í lífinu? Með hjálp trúar og trúarbragða leitar fólk að svörum við þessum spurningum. Í sumum trúarbrögðum trúir fólk að það lifi aftur eftir að það deyr. Aðrir trúa því að sálin fari til himna.

Ein stór fjölskylda

Eins og við höfum fengið að kynnst í þessari bók þá getum við aðhyllst mismunandi trúarbrögð og komið frá mjög ólíkum fjölskyldum en samt verið vinir. Þið fenguð að kynnst fimm börnum. Þau tilheyra öll mismunandi trúarbrögðum en ganga í sama skóla og eru góðir vinir. Það eru til margs konar trúarbrögð í heiminum. Hefðir og siðir tengjast þessum trúarbrögðum. Við verðum öll að bera virðingu fyrir trú hvers og eins. Trúarbrögðin kenna okkur að þykja vænt um hvert annað og þau hjálpa okkur að eignast vini. Ef allir færu eftir því sem trúarbrögðin boða gerðust færri slæmir hlutir í heiminum. Þá gætum við lifað saman eins og ein stór fjölskylda.



Heimskort



✳ Gyðingdómur

† † Kristin trú

■ Hindúatrú

☾ ☾ Islam

☸ ☸ Búddatrú

■ Kínversk trúarbrögð

Heimildir

Laura Buller. *A Faith like Mine, a Celebration of the World's Religions through the Eyes of Children*. 2005.
Dorling Kindersley Ltd.

Alan Brown og Andrew Langley. *What I Believe, a Young Person's Guide to the Religions of the World*. 1999.
Transedition Ltd. and Fernleigh Books.

Þorkell Ágúst Óttarsson. *Islam – að líta vilja Guðs*. 2003.
Námsgagnastofnun.

Sigurður Ingi Ásgeirsson. *Búddhatrú – Leiðin til nirvana*. 2004. *Hindúatrú – Guð í mörgum myndum*. 2005. *Gyðingdómur – Sáttmáli þjóðar*. 2006.
Námsgagnastofnun.

Gunnar J. Gunnarsson. *Maðurinn og trúin*. 1995.
Endurskoðuð 2007. Námsgagnastofnun.

Trúarbrögðin okkar

er námsbók í trúarbragðafræði ætluð yngstu bekkjum grunnskólans. Hún er hugsuð til kynningar á fimm trúarbrögðum: **búddatrú, hindúatrú, kristni, islam og gyðingdómi**. Bókin lýsir trúarbrögðunum frá sjónarhóli barna í sama bekk. Annað hlutverk hennar er að sýna að börn og fullorðnir geta umgengist, verið vinir og samt haft ólíka siði, venjur og trú.

